

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði .. minnst 10.30 en mest 18.00 kr/m³
 Annað húsnæði — 7.70 — — 18.00 —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 1 600.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr. skal vera kr. 7.90 á hvern rúmmeter vatns.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Selfosshrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Selfoss skal greiða tengigjald kr. 20.00 pr. m³, þó aldrei lægri upphæð en kr. 10 000.00 fyrir hús.

6. gr.

Framantalin gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við byggingarvisitölu 1290 stig og breytast ætíð við nýja byggingarvisitölu, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hellu í Rangárvallahreppi
 nr. 208 30. nóvember 1960 og breytinga á henni
 frá 2. júlí 1965 og 7. nóvember 1966.

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

... þó skulu eigendur gripahúsa kosta vatnslögn til þeirra frá aðalæð.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a) Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b) Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 0.25% af fasteignamati húss og lóðar, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 2 500.00 og gjald fyrir gripahús kr. 600.00.

Ofannefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Af húsum sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal greiða tengigjald eða stofngjald kr. 10 000.00, þó skal gjald fyrir gripahús vera kr. 2 000.00. Gjald þetta skal greiða áður en húsið er tengt við vatnsæð.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

**um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur
á Hellu í Rangárvallahreppi.**

1. gr.

Húseigendur í Hellukaupúni skulu greiða til sveitarstjórnar Rangárvallahrepps gatnagerðargjald skv. 3. gr. laga nr. 51/1974 af hverjum rúmmetra byggingar sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Íbúðarhús	1.5%
Verzlunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	1.2%
Vörugeymslur og skemmur	1.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðahafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 70.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.